



DEILISKIPULAG - Smiðjuvellir 12-22 - Akranes



ADALSKIPULAG 2005-2017



GILDANDI DEILISKIPULAG - SAMÞYKKT 23.MÁÍ 2006

MKV. 1:2000



DEILISKIPULAGSTILLAGA, GERÐ Í NÓVEMBER 2018

MKV. 1:1000

- Mörk skipulagssvæðis
- Lóðarmörk
- Núverandi byggingar
- Byggingarreitir
- Þak
- Athafnasvæði / Útsvæði
- 1 Landnotkun
- Leiðbeinandi hæðarskil
- P Bílastæði
- Kvóð um gönguleið - leiðbeinandi staðsetning

Greinargerð gildandi deiliskipulags

Í gildi er deiliskipulag, samþykkt af bæjarstjórn í maí 2006. Deiliskipulagið nær til svæðis sem afmarkast af Esjubraut, Þjóðbraut og Þjóðvegi nr.509.

Heildarstærð skipulagssvæðis er um 19,5ha. Á svæðinu skal reisa byggingar fyrir iðnað og þá þjónustu sem viðkomandi iðnaði fylgja. Nýtingarhlutfall er 0,5. Á svæðinu verða athafnalóðir.

Byggingarskilmálar frá 24.03.1981 fyrir aðrar lóðir en lóðirnar nr. 11-17 og 24-32 við Smiðjuvelli verða óbreyttir.


Skuggavarp



21 Júní kl. 09:00




21 Sept kl. 09:00



21 Júní kl. 13:00



21 Sept kl. 13:00



21 Júní kl. 17:00



21 Sept kl. 17:00

Greinargerð vegna breytinga á deiliskipulagi fyrir Smiðjuvelli 12-22

Breytingin tekur til skipulags lóðanna við Smiðjuvelli 12-22. Lóðir verða sameinaðar í eina lóð. Stærð nýrrar lóðar er um 19500 m² og afmarkast af Smiðjuvöllum að norðvestan og norðaustan, Þjóðbraut að suðaustan og göngustíg að suðvestan sem liggur þvert á Þjóðbraut. Á svæðinu verða athafnalóðir fyrir léttan iðnað, þjónustu og skrifstofur.

MARKMIÐ:

Markmið framkvæmda er að byggja áfram á þeim þjónustuás sem er að myndast milli Smiðjuvalla og Þjóðbrautar. Metnaður er fyrir því að skapa fallega götumynd út á við sem kallast á við íbúðabyggð í nágrenninu. Svæðið tengist núverandi gönguleiðum bæjarins og verður því mjög aðgenglegt gangandi og hjólandi vegfarendum.

STÆRÐIR / STARFSEMI	Hæðir	Svæði m²	Bygg.magn m³
1 Athafnasvæði	-	1.380	-
2 Verslun	1	-	2.070
3 Verslun	2	-	2.140
4 Skrifstofur	5	-	5.900
5 Þjónusta	3	-	3.820
6 Skrifstofur	3	-	2.160
7 Athafnasvæði	-	1.600	-
8 Þjónusta	2	-	1.770
Samtals:			17.860
Kjallari			19.500 m³
Alls:			37.360 m³
Nýtingarhlutfall án kjallara:			0,92
Nýtingarhlutfall með kjallara:			1,92

Bílastæðakrafa:
1st. per 100m² eða 179 stæði ofanjarðar

FRÁGANGUR:

Yfirborð bílastæða verður malbikað en stæðið sjálf umkringt trjám. Milli bygginga er gert ráð fyrir góðri lýsingu, gönguleiðum og gróðri svo flæði gangandi og hjólandi vegfarenda verði óhindrað. Húsagerðir eru frjálssar að öðru leyti en því sem þessir skilmálar segja til um. Lagt er upp með að hönnun húsanna bæti gæði umhverfisins og bæjarins í heild. Klæðningar, litir og frágangur í kringum byggingar og lóðir skal vera vandaður og taka mið af nærliggjandi umhverfi. Heimilt er að byggja bílarkjallara og kjallara undir öllum byggingum.


UMFERÐ OG AÐKOMA:

Aðkomuleiðir á svæðið eru um Smiðjuvelli. Tenging Smiðjuvalla við Þjóðbraut er enduropuð.

BÍLASTÆÐI:

Gert er ráð fyrir bílastæðum miðlægt á lóð og samnýttast viðskiptavinum og starfsfólki.

Að öðru leyti gilda eldri skilmálar.



Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

þann _____ 20__ og í
þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með
athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í
B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

ÚTGÁFA I TERNAD I YFRIFRAB I DAGS

BREYTINGAR

ASK ARKITEKTAR EHF
GÍRSRÓSÚVA 101 REYKJANÚK
SMÍ 515 0300 FAX 515 0319
www.ask.is



VERKEFNI
Smiðjuvellir Akranesi
Deiliskipulagsuppráttur

TEGUND TERNINGAR
DEILISKIPULAGSUPPRÁTTUR
HEITIRNÁMNAK
Deiliskipulagsuppráttur
Skilmálasnið

VERU NÚM: 1828 AÐREKNIÐ NÚMÉR TERNINGAR: 08-01 ÚTGÁFA

© ÖLL AFMÓT OG AFMÖTUN TERNINGAR ER HÁÐ SAMÞYKKTASK ARKITEKTA, ENKI SKAL MÆLA UPP AF TERNINGU.